

Nd. **597. Frumvarp til laga** [70. mál]
um veðdeild Búnaðarbanka Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd., 2. maí.)

Samhljóða þskj. 76 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Tekjur deildarinnar eru:

1. Árlegt framlag ríkissjóðs, er nemi 25 milljónum krónum til ársloka 1986.
2. Framlag frá Stofnlánadeild landbúnaðarins, að fjárhæð 35 milljón krónur til ársloka 1986.
3. Vaxtatekjur.

18. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1980. Með lögum þessum er felldur úr gildi III. kafli laga nr. 115 7. nóvember 1941, um veðdeild Búnaðarbanka Íslands.